

## FORSETAÚRSKURÐUR

### um breytingu á forsetaúrskurði nr. 7/2022, um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands eru hér með gerðar eftirfarandi breytingar á forsetaúrskurði nr. 7/2022, um skiptingu starfa ráðherra:

1. gr.

4. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Fjármála- og efnahagsráðherra.*

**Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

2. gr.

12. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Utanríkisráðherra.*

**Bjarni Benediktsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 12. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkisráðherra*.

3. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 14. október 2023.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Katrín Jakobsdóttir.*